



Kópavogsbær
Karlotta Helgadóttir
Digranesvegi 1
200 KÓPAVOGUR

Garðabær, 22. janúar 2026

Málsnúmer: 202511-0026

IAS

Efni: Kársnesstígur á sunnanverðu Kársnesi. Nýtt deiliskipulag – vinnslutillaga.

Vísað er til erindis Kópavogsbæjar frá 13. nóvember 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um vinnslutillögu að nýju deiliskipulagi Kársnesstígs á sunnanverðu Kársnesi.

Í greinargerð kemur fram að viðfangsefni deiliskipulagsins er endurbætur á Kársnesstíg á sunnanverðu Kársnes með áherslu á að bæta aðgengi og öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Í því samhengi er lagt til að komið verði fyrir aðgreindum hjólastíg sem stuðlar að skýrari aðgreiningu ferðamáta og eykur öryggi allra vegfarenda. Skipulagssvæðið nær yfir Kársnesstíg og nærliggjandi svæði á milli Bakkabrautar 2 og Urðarbrautar og er í samræmi við stefnu og markmið aðalskipulags Kópavogs 2019–2040.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Skipulagssvæðið liggur við friðlandið Skerjafjörður innan bæjarmarka Kópavogs. Markmiðið með friðlýsingu Skerjafjarðar er að vernda lífríki við ströndina, í fjöru og á grunnsævi, einkum og sér í lagi með tilliti til fugla. Jafnframt er það markmið að vernda útivistar- og fræðslugildi svæðisins sem felst í líffræðilegri fjölbreytni og samrýmist verndun búsvæða fugla.

Þó að deiliskipulagssvæðið liggji ekki innan friðlandsins og litlar líkur eru á að beint rask verði innan marka þess við áætlaðar framkvæmdir við stígagerð er líklegt að breytingarnar komi til með að hafa áhrif á friðlandið. Ópið svæði við friðlandið mun skerðast og ásynd þess breytast, umferð hjóla og umferðarhraði mun líklega aukast sem getur haft áhrif á upplifun fólks af svæðinu. Einnig er mögulegt að aukinn hraði og meiri umferð, meiri þjónusta og meiri lýsing geti haft truflandi áhrif á fuglalíf svæðisins í það minnsta næst áætluðum stofnstígum. Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að taka tillit til þess við valkostagreiningu og frekari hönnun og framkvæmd.

Pláss til athafna er víða mjög lítið þannig að afar brýnt er að við framkvæmdir sem og viðhald og rekstur nýrra stíga sem eru nálægt friðlandsmörkum, að hugað sé að því að koma í veg fyrir óþarfa rask t.d. á fjörukambinum þar sem grjóthleðsla er ekki til staðar, og farið varlega við umferð vinnuvéla og meðferð mengandi efna.

Nauðsynlegt er að taka tillit til áhrifa af ágengi brims þegar slíkar aðstæður skapast sem og mögulegu sjávarrofi, hvort og hvar þörf er á frekari styrkingum vegna þessa og meta hvort það feli í sér áhættu á raski á fjörum.



Æskilegt væri að fylgjast með áhrifum á fuglalíf og hvort breytingar verði sem rekja megi til aukinnar truflunar og horfa til mótvægisáðgerða eins og við á t.d. með tilliti til lýsingar, hávaðatruflunar og mögulegrar efnamengunar.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur